



Borgarráð

Golfklúbbur Reykjavíkur - Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og fyrsta áfanga endurbóta á völlum félagsins

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að samkomulagi við Golfklúbb Reykjavíkur vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og fyrsta áfanga á endurbótum á völlum félagsins.

Greinargerð:

Með erindisbréfi, dags. 6. október 2016, skipaði borgarstjóri starfshóp um svæði Golfklúbbs Reykjavíkur (hér eftir GR). Starfshópurinn var skipaður á grundvelli erindis GR um samstarf og styrk til að vinna frekar áætlanir varðandi uppbyggingu klúbbsins. Í kjölfarið undirrituðu Reykjavíkurborg og GR viljayfirlýsingu þann 30. nóvember 2017 um að láta vinna sameiginlega deiliskipulagsáætlanir fyrir nýjar atvinnulóðir og mögulega einnig íbúðir að hluta á svæðum sem GR hefur haft til umráða í Grafarholti og Korpúlfsstöðum. Vinnuhópur hefur skilað hugmyndum sem nýtast í vinnu við nýtt hverfisskipulag sem er í vinnslu.

Samkvæmt meðfylgjandi samkomulagsdrögum er gert ráð fyrir að GR skili til Reykjavíkurborgar hluta af því svæði sem þeir hafa haft afnot af austan við Krókháls. Gert er ráð fyrir að lagfæra golfvöll í Grafarvogi, byggja við og breyta æfingaaðstöðu í Básum og lagfæra svæði GR. Eins að lagfæra aðstöðu GR að Korpúlfsstöðum. Aðilar eru sammála um að skipa byggingarnefnd til að annast framkvæmdir og að byggingarnefndin lúti innkaupareglum Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Drög að samkomulagi

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Golfklúbbur Reykjavíkur, kt. 580169-7409, Vesturlandsveg Grafarholt, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt GR, gera með sér eftirfarandi

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og fyrsta áfanga endurbóta á völlum félagsins

1. gr.

Inngangur

Reykjavíkurborg og GR undirrituðu þann 30. nóvember 2017 viljayfirlýsingu um að láta vinna sameiginlega deiliskipulagsáætlanir fyrir nýjar atvinnulóðir og mögulega einnig íbúðir að hluta á svæðum sem GR hefur haft til umráða í Grafarholti og Korpúlfsstöðum. Vinnuhópur hefur skilað hugmyndum sem nýtast í vinnu við nýtt hverfisskipulag sem er í vinnslu. Til þess að koma þessu af stað eru aðilar sammála um eftirfarandi:

2. gr.

Skil á svæði við æfingavöll félagsins í Grafarholti

GR skilar til Reykjavíkurborgar því svæði sem þeir hafa haft austan við Krókháls merkt þróunarsvæði G1A á fylgiskjali 1 sem er hluti þessa samkomulags.

3. gr.

Ný lóð við Krókháls (G1A)

Reykjavíkurborg stefnir að því að úthluta lóð eða lóðum sem til verða á því svæði sem GR losar við Krókháls og mun ákveða söluverð lóða. Í fyrstu hugmyndum er gert ráð fyrir um 7.125 m² lóðum og byggingarmagn yrði um 11.250 m² með nýtingarhlutfall 1,60.

4. gr.

Skipting á söluverði byggingarréttar

Reykjavíkurborg og GR eru sammála um að 50% af söluverði byggingarréttar sem kann að fást vegna aukins byggingarmagns á svæðinu skuli renna til uppbyggingar fyrir GR.

5. gr.

Skipulagsvinna, breytingar gatnakerfi og lóð

Reykjavíkurborg tekur að sér að láta gera nýtt skipulag vegna lóðar G1A og breyta gatnakerfi ef það telst nauðsynlegt og greiðir kostnað vegna þessa.

6. gr.

Breytingar á golfsvæði vegna nýrrar lóðar

GR tekur að sér að breyta æfingasvæði og golfbrautum ef þörf verður á því og greiðir kostnað vegna þessa.

7. gr.

Aðrar framkvæmdir á vallarsvæði

Gert er ráð fyrir að lagfæra golfvöll í Grafarvogi, byggja við og breyta æfingaaðstöðu í Básum og lagfæra svæði GR. Eins að lagfæra aðstöðu GR að Korpúlfsstöðum.

Þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að fara í á Grafarholtsvelli eru nauðsynlegar endurbætur sem lúta fyrst og fremst að bættri framræsingu og lagfæringu brauta. Mögulega verði viðbygging við Bása þar sem að núverandi æfingasvæði er lagt af en þess í stað settir upp golfhermar í inniaðstöðu. Þannig verður rýmt fyrir nýjum lóðum á svæðinu.

Fáist nýtt deiliskipulag samþykkt er gert ráð fyrir því að framkvæmdir verði á hendi byggingarnefndar sem lúti öllum innkaupareglum Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins. Jafnframt verði gengið frá formlegum samningi milli Reykjavíkurborgar og GR um framkvæmdir þar sem fram komi áætlaður stofnkostnaður mannvirkja GR og frekari útfærsla þeirra, virðisauki vegna aukins byggingarréttar, tímaáætlun verkefnisins og möguleg nýting Reykjavíkurborgar á mannvirkjum vegna hverfistengdrar þjónustu. Aðilar eru sammála um að skipa byggingarnefnd fyrir verkefnið þar sem að GR skipar tvo fulltrúa og Reykjavíkurborg tvo fulltrúa. Síðan verði formaður byggingarnefndar skipaður sameiginlega af báðum aðilum.

Samkomulag þetta er háð um samþykki borgarráðs.

Reykjavík __. nóvember 2019

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Golfklúbbs Reykjavíkur

Vitundarvottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:

Kt.

Kt.

Fylgiskjal 1

Tillaga að nýrri lóð við Krókháls

